

Skilablað – Fangelsið Sogni – viðbygging við útisvæði

Almennt um skilagreinar

Í 16. grein laga nr. 84/2001 um skipan opinberra framkvæmda er ákvæði um gerð skilamats.

Í reglum Framkvæmdasýslu ríkisins um fyrirkomulag skilamats segir: „**Við minniháttar verk eða framkvæmdir sem hafa lítið samanburðar-eða upplýsingagildi er heimilt að einfalda um-fjöllun í skilamati**“. Þegar þessi háttur er hafður á er skýrslan nefnd „**skilagrein**“ eða „**skilablað**“ til afmörkunar frá skilamati. Aðeins í allra smæstu verkum eða þegar verkefni fá engan framgang er heimilt að gera skilablað.

Skilagrein og skilablað á ekki bara við framkvæmdir heldur líka ýmis verkefni sem Framkvæmdasýslan tekur að sér fyrir ráðuneyti og stofnanir sem felast í almennri ráðgjöf og þjónustu, eins og til dæmis við öflun leiguþúsnaðis (leiguverkefni).

Hér fer á eftir skilablað.

1 Upphaf verkefnis

Fangelsismálastofnun óskaði eftir því við Framkvæmdasýslu ríkisins (FSR), í ársþyrjun 2013, að undirbúa hönnun og síðar útboð á framkvæmdum við yfirbyggingu á útigarði við fangelsið á Sogni.

Verkkaupi var Fangelsismálastofnun sem hafði unnið frumdrög að verkefninu.

Verkefnastjóri verkefnisins hjá FSR var Sigurður Norðahl.

2 Verklýsing

Verkefnið samanstóð af vettvangsskoðun, áætlunargerð, kostnaðaráætlun og útboði.

SAV - Skipulags-, arkitekta- og verkfræðistofan ehf. sá um hönnun.

3 Verknúmer

Verknúmer er 606 0300.

4 Framvinda

Í júlí 2013 voru teikningar, verklýsing, magnskrá og kostnaðaráætlun frá hönnuði tilbúin. Þá var ljóst að heildarkostnaður yrði ekki undir 31 m.kr. sem var mun hærri fjárhæð en fjárveiting sem var alls 15 m.kr.

Um haustið 2013 var ákveðið að sníða verkefnið að þeim fjármunum sem til reiðu voru. Unnin var umsögn sem send var til SOF í janúar 2014 um 1. áfanga verksins. Sá áfangi miðaðist við að ljúka uppsteypu útveggja, grunnplötu og þakplötu, ásamt

nauðsynlegum lögnum og frágangi til að loka byggingunni.

Farið var í örútboð í mars 2014. Fjögur tilboð bárust sem voru öll mun hærri en kostnaðaráætlun. Öllum tilboðum var hafnað en í leiðinni var leitað til tilboðsgjafa um leiðir til lækkunar á kostnaði á breyttum og skilgreindum forsendum, eins og til dæmis með hugsanlegu vinnuframlagi vistmanna og starfsmanna að Sogni.

Samkvæmt minnisblaði í október 2014 var lagt til við verkkaupa að sótt yrði um 6 m.kr. viðbótarfjárveitingu til að ljúka við 1. áfanga.

Verkkaupi hefur ekki verið í sambandi við FSR vegna verksins síðan og hefur FSR ekkert aðhafst frekar. Í 2. mgr. 3. gr. í reglum um fyrirkomulag skilamats kemur eftirfarandi fram:

„Hafi framkvæmd legið niðri í eitt ár eða lengur vegna þess að fé hefur ekki verið veitt til hennar á fjárlögum eða vegna annarra orsaka skal gera sérstakt skilamat um þann hluta sem lokið er.“

Verkefninu er því lokað með þessu skilablaði.

5 Kostnaður verkefnis

Kostnaður verkefnis var 3.504.744 kr.

6 Niðurstaða verkefnis

Ástandsmat og kostnaðaráætlun án framkvæmdar.

7 Ákvörðun verkkaupa

Fangelsismálastofnun sá um verkefnið.

8 Verklok

Október 2014.

9 Staðfesting skilablaðs

Undirrituð staðfesta hér með framanritað skilablað fyrir hönd Framkvæmdasýslu ríkisins.


Halldóra Vífilsdóttir, forstjóri


Sigurður Norðahl verkefnastjóri